

Aðalfundur Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila
haldinn að Skjaldavík, við Akureyri, laugardaginn 09. maí 2015, kl. 13.30

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Skýrsla formanns.
5. Erindi: Lagalegar skyldur framleiðanda og hvernig matvælaöryggi er tryggt? Þóra Ýr Árnadóttir, Prómat
6. Erindi: Heimavinnsla matvæla, tækifæri og ógnir. Eðvald Sveinn Valgarðsson
7. Reikningar BFB 2014. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um árgjald 2015. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Önnur mál sem félagið varðar.
 - a. Önnur mál.

1. Fundarsetning

Guðmundur Jón Guðmundsson formaður bauð fundarmenn velkomna til sjötta aðalfundar félagsins.

2. Tillaga um Hanna S. Kjartansdóttir sem fundarstjóra og Þorgrím Einar Guðbjartsson sem fundarritara. Samþykkt og tóku þau tafarlaust til starfa.

3. Ávörp gesta.

Svavar Halldórsson, framkvæmdarstjóri Landsambands sauðfjárbænda.

Bar fundinum kveðjur frá Pétri Þórarinssyni formanni Landssamtaka sauðfjárbænda.

Svavar fór í stuttu máli yfir aðdraganda þess að hann var ráðinn til þessa verkefnis sem og þær væntingar sínar til starfsins og samstarfs við verkefni eins og Beint frá býli.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður hjá Bjartri framtíð í norðaustur kjördæmi tók til máls og færði fundinum þakkir fyrir að vera boðið og hvatti félagið áfram til góðra verka í þágu smáframleiðenda.

4. Skýrsla stjórnar.

Góðir fundargestir. Þetta starfsár hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin. Það hefur reyndar verið óvenjultíð af kynningarfundum hjá félagasamtökum, en trúlega eru flestir orðnir meðvitaðir um hvað þetta gengur allt út á. Ég sakna þess þó að félagarnir hafi ekki meiri samskipti við stjórnina. Við erum að vinna að hagsmunum okkar allra sem fást við heimavinnslu og í leiðinni allra sem eru í smáframleiðslu. Við höfum loksins náð þeim áfanga að koma á fót námskeiði fyrir heimavinnslur í samstarfi við Prómat á Akureyri og verður það haldið í haust. Þá mun vera í undirbúningi hjá Símei mjög gott hagnýtt námskeið í matvælavinnslu, sem vonandi kemst á í haust líka.

Eins og verið hefur undanfarin ár fer líka mikill tími í að svara allskonar fyrirspurnum bæði í sambandi við félagið, heimavinnslu og annað. Við fáum jafnvel ákúrus fyrir verðlagningu Krónunnar á grænmeti. Stjórninni hefur einnig verið bent á merkingar sem eru „Beint frá bónda“ á hinum ýmsu kjötvörum jafnvel kjötfarsi, sem er þó einna ólíklegast að koma „beint frá bónda“. Teljum við þetta grófa aðför að félaginu og móðgun við alla hugsandi neytendur, vegna þess að það kemur aldrei fram frá hvaða bónda varan er. Það kemur hvergi fram hvar hann er að finna. Þetta er hliðstætt því sem Arla er að gera í Bretlandi með skyrið, þeir stóru að nýta sér það sem aðrir hafa áorkað.

Félagið stendur nú á krossgötum varðandi fjárhagslegan rekstur, og verðum við að leita ásjár bæði Landssambanda kúa- og sauðfjárþænda til að geta tekist á við verkefni heimasölu og vinnslu vegna þess að fjárveiting okkar frá Atvinnuvegaráðuneytinu dugar rétt svo til að borga lögfræðikostnað félagsins í samskiptum við MAST, en félaginu gengur ekkert að fá svör eða úrskurði í álitamálum nema með aðstoð lögfræðinga. Mér finnst það soun á þeim litlu fjármunum sem félagið hefur til ráðstöfunar að eyða þeim með þessum hætti, en ekki til að vinna að framtíð heimvinnslu og bændamarkaða.

Eins og kom fram á síðasta ári hefur MAST tekið yfir eftirlit með mjólkurvinnslu smáframleiðenda og var þeim gert að uppfylla í grunninn sömu kröfur og stærri vinnslur sem er bæði óraunhæft og of dýrt fyrir fyrirtæki sem eru aðeins með 1-2 starfsmenn. Einnig er stofnunin nú farin að fara offari í afskiptum af smásölu þænda á kjöti, sem kemur þó fullunnið og forpakkað úr sláturhúsi, eða kjötvinnslum.

MAST hefur með afskiptum sínum og óbilgirni komið í veg fyrir alla möguleika á framleiðslu og vinnslu afurða úr sauða- og geitamjólk hér á landi. Var það gert á tæknilegum atriðum og til þess notuð reglugerð sem er fyrst og fremst gerð fyrir kúabú. Þ.e. krafa um að skimað sé fyrir fúkkalyfjum í hverjum mjöltun, í þessu tilfelli skiptir það engu máli að bændur fá ekki þessi lyf afhent nema frá dýralæknum og ætti því ekki að vera neinn vandi að nota heilbrigða skynsemi til að meta áhættuna og haga viðbrögðum og eftirfylgni eftir því. Krafast var innköllunar á sauðamjólkurís jafnvel þó að sýni hafi verið tekið úr mjólkinni og skoðað hjá MS á Akureyri, en af því að héraðsdýralækni, Ólafi Jónssyni var ekki send niðurstaðan með réttum formlegheitum var hún ekki tekin gild og framleiðandinn látinn kosta sýni úr ísnum þó svo að tækni til að greina fúkkalyf í sauðaís séu ekki til staðar á Íslandi. Í þessu tilfelli skipti engu máli að fúkkalyf höfðu ekki verið notuð við fjárþúið mánuðum saman.

Þá hófst sama ferlið aftur þegar selja átti kjöt af nokkrum geitum. En nú bar svo við að heilbrigðiseftirlitið neitaði að fjalla um málið þó lögum samkvæmt sé það í verkahring þess að gefa út slíkt leyfi. Því er eingöngu um starfsleyfi að ræða vegna smásölnnar (dreifing á frystri forpakkaðri vöru). Eftirlit með smásölu er alfarið á hendi HNE samkvæmt gildandi lögum. Undir þessa skoðun mína tekur eftirlitsdýralæknirinn einnig: Samanber þetta svar hennar í tölvupósti til bóndans.

„Ég ræddi við Ólaf um geitakjöt á Haga.

Eftirlit með sölu og dreifingu á kjöti er að færast til Matvælastofnunar hægt og bítandi og mun stofnunin fara í eftirlit til þænda með heimasölu/netsölu á kjöti í framtíðinni, þó það hafi ekki verið stundað reglulega hingað til.“

Þó svo að þekking á gildandi lögum og reglum viðist vera til staðar, virðist einnig vera vilji til að gera allt sem hægt er til að gera sölu á nokkrum skrokkum af geitakjöti eins flókna og kostnaðarsama og nokkur kostur er. Enn þann dag í dag, hálfu ári eftir umsókn, hefur ekki verið gefið út endanlegt leyfi til að selja þetta kjöt, aðeins 3. mánaða bráðabirgðaleyfi sem kostar tugi þúsunda. Þá sér hver maður að ágóðinn af sölnni er horfinn. Og er nú beðið úrskurðar ráðherra um þetta mál.

Hér á eftir er smá kafli úr síðustu skýrslu stjórnar:

„ Þá komst loksins á fundur með MAST, en stjórn BFB hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá fund með starfmönnum stofnunarinnar í mörg ár. Í stuttu máli þá fór þessi fundur fram á mjög vinsamlegum nótum. Ég tel að þarna hafi verið eytt hluta af tortryggni okkar gagnvart MAST og er alveg kominn tími til. Það er alveg ótrúlegt hvað er hægt að fara yfir marga hluti á klukkutíma þegar sest er niður með það markmið að ná árangri.“

Núna eru farnar að renna á mig tvær grímur með niðurstöðu þessa fundar, en hann virðist hafa verið á miklum misskilningi byggður þ.e. þær niðurstöður sem stjórn Beint frá býli dró af honum. Lögfræðingur MAST hefur tjáð okkur það að sá skilningur sem stjórn BFB og starfmenn MAST sem sátu fundinn drógu af því sem við og þeir sögðu og er samhljóða bæði í fundargerð okkar og MAST sé misskilningur. Skal það nú útskýrt aðeins betur. Formaður BFB átti samtalið við sviðstjóra hjá MAST 2012 og kom þá fram að stofnunin hygðist vinna að og gera skoðunarhandbók og vinnureglur sem snéru að smáframleiðendum (og þar með BFB). Þetta hefur komið fram oft síðan bæði í samtölum og opinberlega í fjölmiðlum einnig T.d. í Kjarnaum í ágúst 2013 á fundi með BFB 7. Mars 2014.

Svo barst lögfræðingi okkar svar frá MAST og er hér bæði spurningin og svarið:

Hvernig miðar þeirri vinnu að útbúa sérstaka handbók fyrir heimavinnslu og aðra smávinnslu og endurskoða kröfur um innra eftirlit vegna slíkrar starfsemi? Hvenær má eiga von á því að þeirri vinnu ljúki?

MAST: Hér virðist vera um misskilning að ræða, þar sem stofnunin hefur hvorugt í hyggju (þ.e. að skilgreina heimavinnslu og útbúa handbók um heimavinnslu). Stofnunin hvetur hins vegar samtökin Beint frá býli til að skoða III. kafla reglugerðar nr. 852 og íhuga hvort ekki sé rétt að samtökin hefjist handa við að útbúa landsbundnar leiðbeiningar fyrir félagsmenn sína.

Þarna kemur enn og aftur fram við hverskonar vandamál er við að eiga. BFB útbjó uppkast að slíkum reglum og sendi MAST til umsagnar 13. mars 2014 en eina svarið sem við höfum fengið er að viðkomandi sviðstjóri væri að fara í frí og mundi skoða skjalið þegar hún kæmi aftur, kannski er fríðið ekki búið?

Það virðist einnig vera í gangi orðaleikir af hálfu starfsmanna MAST. Við höfum ekki gert ráð fyrir að MAST útbyggi handbók um heimavinnslu heldur útbyggi vinnureglur og skoðunarhandbók til notkunar þegar skoðuð eru minni fyrirtæki. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvaða skilningur er þarna á ferðinni ef hann er þá einhver.

Það getur ekki með nokkru móti verið eðlilegt að skoðunarhandbók sem á að gagnast við skoðun t.d. hjá MS eða Norðlenska, sé þannig gerð og uppbyggð að hún henti fyrir skoðun hjá litlum fyrirtækjum, þar sem t.d. annað vinnur úr c.a. 60 þús. lítrum á dag og hitt 40 lítrum, ég sé ekki að þetta sé á nokkurn hátt framkvæmanlegt, ekki síst í ljósi þess að talsmaður dýralækna skrifar í síðasta Bændablað að ekki fáið nógu margir hæfir dýralæknar til starfa hjá MAST. Ég skil reyndar ekki að það sé eitthvert sérsvið dýralækna að skoða smá matvælaframleiðslur, það er í mínum huga frekar

verkefni fyrir matvælavinnslumenntað fólk. Og þá gætu dýralæknar notað tímann og sinnt þeim störfum sem þeir eru sérmenntaðir í þ.e. dýralækningum og heilbrigðisskoðunum á frumframleiðslu.

Ég tel að vandmálið í hnotskurn sé það að stofnun eins og MAST verður eins og einræðisríki sem kemst upp með að taka ekkert tillit til þess sem er að gerast í þjóðfélaginu, og hagar sér því svipað og aðrir sem eru komnir í alvarlega tilvistarkreppu. Þetta er stofnun sem margir eru þvingaðir til að kaupa þjónustu af, en þora ekki að mótmæla þeirri meðferð sem þeir fá, af ótta við afleiðingarnar, því hættan er jú sú að ef skoðunaraðilinn fyrstist á hann alla möguleika á að gera þolandanum lífið erfitt. Í þessu tilfalli er það sami aðilinn sem skoðar, ákveður hvort allt sé í lagi, gerir kröfur um úrbætur ef þarf (og í sumum tilfellum upplýsir ekki þolandann um rétt hans, fyrr en eftir langt þóf) ákveður úrbóta frestinn, dæmir um árangurinn, kveður upp dóminn og refsar ef með þarf. Ég veit ekki um annað kerfi þar sem sami aðilinn er með alla þættina frá skoðun til ákæru og kveður einnig upp lokadóm. Það vantar allt samtal í alvöru við þá sem þurfa á þjónustu MAST að halda, það er ekki nóg að segja eitthvað og svo nokkrum mánuðum seinna að lýsa yfir að þetta sé allt einn alherjar misskilningur. Er verið að hafa fólk að fíflum eða hvað er í gangi?

En nóg um þetta þras við skulum vona heitt og innilega að ríkið semji þannig við BHMR svo að til MAST sæki hæfir einstaklingar.

Félagið tók enn og aftur þátt í Handverkssýningunni á Hrafnagili og tókst það í alla staði vel.

Einnig kynntum við félagið á matarmarkaðinum í Hörpunni.

Við verðum áfram í Vegahandbókinni, báðum útgáfunum þ.e. á íslensku og ensku.

Það fer alltaf mikill tími í samtöl við fólk, fjölmiðla og einnig þá sem eru áhugasamir um BFB og leita eftir upplýsingum bæði um félagið eins hvernig félagar í BFB sinna dýravelferð.

Ég vil enn vekja athygli á samningnum við Landflutninga þar sem félagsmenn fá verulegan afslátt af flutningum. Þá var einnig í gildi samningur við Íslandspóst um afslátt frá gjaldskrá pakkaflutninga fyrir félagsmenn. Sá samningur var til eins árs, en sökum þess hvað hann var lítið notaður er hann fallinn úr gildi. Einnig er samningur um strikamerki við GS1 og fá félagar BFB sem eru með lítinn rekstur verulegan afslátt frá gjaldskrá.

Hvað er helst framundan?:

Ég sé ekki fyrir mér miklar breytingar á næstunni, forsendur fyrir slíku er að væntanlegir framleiðendur viti hvaða kröfur og reglur þeir þurfa að uppfylla með framleiðsluvörur sínar. Það er þó aðeins farið að sjást til lands í þeim efnum, t.d. það að 300 kg reglan þ.e. reglugerð 579/2012 verði notuð til að meta hvar eftirlitsmörkin eru.

Við þyrftum að fá fleiri félaga til að geta gert rekstur félagsins traustari. Núna eru félagsmenn rétt hundrað og er það tala sem breytist lítið á milli ára. Ég sé líka fyrir mér sem möguleika á fjármögnun að fagfélögin greiði þann hluta sem snýr að lögfræðikostnaði, ekki síst í ljósi þess að öll erum við félagar í einhverju þeirra og borgum þangað. Einnig er það réttlætis krafa að Bændasamtökin koma að þessum málum líka.

Vefurinn okkar er með um það bil 100 heimsóknir á dag og félagarnir fá um það bil 500 fyrirspurnir um vörur á ári

Við þurfum að vera dugleg við að nota þann meðbyr sem félagið hefur áunnið sér, einnig vantar að fleiri félagar séu tilbúnir til að vinna að hagsmunum sínum og í leiðinni okkar allra sem erum að reyna að vinna BFB brautargengi. Það er í gangi langhlaup við að koma bændamörkuðum og heimavinnslu á legg hér á landi, við erum rétt að byrja á því sem á sér aldagamla hefð annarsstaðar í Evrópu en hefur verið haldið niðri hér á landi.

Mig langar að lokum eins og í síðustu skýrslu að minna á að tækifærin liggja ekki eingöngu í kröfum markaðarins í dag, heldur „á morgun“ Hvernig verður „morgundagurinn“? Það veit enginn fyrir.

Að lokum vil ég þakka ráðuneyti landbúnaðarmála fyrir frábæran stuðning í gegnum árin, ásamt öllum samstarfsaðilum félagsins þó sérstaklega Hjördísi Hjartardóttir lögfræðingi hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur og neytendum mikinn velvilja í garð Beint frá býli. Einnig þakka ég stjórn, varastjórn og félögum öllum, sérstaklega ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Guðmundur Jón Guðmundsson

Formaður, Beint frá býli.

5. Erindi: Lagalegar skyldur framleiðanda og hvernig matvælaöryggi er tryggt? Þóra Ýr Árnadóttir, Prómat.
Þóra fór í gegnum helstu þætti sem varða skyldur og matvælaöryggi og mikilvægi þess að framleiðendur vandi vel til verka sinna.
Erindi: Heimavinnsla matvæla, tækifæri og ógnir. Eðvald Sveinn Valgarðsson. Fróðlegt erindi um hans sýn á tækifæri og ógnanir innan framleiðslu Beint frá býli.
6. Reikningar félagsins 2013. Formaður í forföllum Heidi gjaldkera, fór yfir reikninga félagsins þar sem fram kemur að félagið er rekið með miklu tapi eða sem nemur 2.7 milljónum. Munar þar mestu um minni tekjur eða um 2 milljónum og þá einnig útgjöld vegna lögfræðikostnaðar. Tekjur ársins voru 3,377,500kr og gjöldin 6,077,884kr. Þar af leiðir 2,700,384 kr í tap síðasta ár. Þá kynnti hann fjárhagsáætlun 2015. og bar upp tillögu frá stjórn um að árgjald verði kr 12.000 á þessu ári og eindagi 1. ágúst. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur verði 3.3 milljónir og gjöldin 3.2 milljónir.

Tillaga frá stjórn um árgjöld var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Umræður urðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
Svavar: Reglur um mjólkurvinnslu sauðamjólkur er í vinnslu með aðkomu Landssambands sauðfjárbænda og MATÍS.
Reikningar bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.
7. Stjórnarkjör. Stjórnarkjör á aðalfundi – tillögur stjórnar. Heidi og Þorgrímur gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Því leggur stjórn til að Hanna S. Kjartansdóttir og Jóhanna Þorvaldsdóttir verði kosnar í aðalstjórn og Hafdís Sturlaugsdóttir, Sölvi Arnarson og Sigrún H Indriðadóttir verði kosin í varastjórn.
8. Kjör skoðunnarmanna. Skoðunarmenn voru kjörnir Guðrún Sigurjónsdóttir og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, til eins árs.
9. Önnur mál.
Pálína Skarphéðinsdóttir tók til máls og þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf. Þá spyr hún um hvernig fyrirkomulagið verður á Hrafnagili þetta árið, menn reikna með að það verði óbreytt. Hafliði Sigurðson í Syðri Haga, nefndi að setja upp á heimasíðunni flipa með uppskriftum.

Upp var varpað þeirri hugmynd að fela einhverjum að halda utan um heimasíðuna, uppfæra og vera í sambandi við félagi og hvetja þá til að vera duglega að uppfæra sitt svæði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17.00.

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, ritari